

EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI í Svartsengi Svartsengi, Grindavík



Dags eftirlits	21.10.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	CRI í Svartsengi	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 27, Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	530306-0540	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Þórðarson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	329903,036 383317,415

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit en ein athugasemd gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

Fundur:

- Kröfur í starfsleyfi, áætlanir, mælingar, skráningar, þjálfun, tilkynningar og æfingar (þjálfun)
- Staða borholu SV-1, frágangur og fóðrun
- Úrgangsmál, uppsöfnun zinkoxíðs, förgun amínlausnar, förgun lúts
- Starfsleyfisútsókn, undanþágur UAR og frummatsskýrsla
- Önnur mál

Skoðun á verksmiðjunni.

Gunnari Þórðarson tengiliður CRI við Umhverfisstofnun og öryggis- og gæðastjóri leiddi okkur um verksmiðjuna og útskýrði öll skref í ferlinu við myndun metanóls.

Gengið var þar sem koltvísýringurinn kemur frá HS Orku, hreinsun á koltvísýringi í amínlausn og með zinkoxíði, síðan skoðuð afjónun á vatni og rafgreining. Þjöppun á hráefnum metanólsins og hringkeyrsla með efnahvata. Og áfram yfir í eimingu og geymslu áður en metanólið er flutt í burtu af verksmiðjulóðinni. Skoðaður var búnaður sem hýsir vothreinsun í útblæstri og gengið yfir að borholu SV-1 sem mun geta tekið við affalli verksmiðjunnar til framtíðar. Skoðuð var aðstaða til geymslu á úrgangi, en notuð amínlausn, notaður lútur og notað zinkoxíð safnast upp eða er skipt út reglulega og þarf að koma í viðeigandi ferli til endurnýtingar og/eða eyðingar.

Sest var niður á fundi um kröfur í starfsleyfi. Á fundinum voru Gunnar Þórðarson fulltrúi CRI en fulltrúar Umhverfisstofnunar voru þau Guðbjörg Stella Árnadóttir, Sigurður Ingason og Gottskálk Friðgeirsson. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því. Fram kom að verksmiðjan var nú á sínum 453 degi í framleiðslu.

Áætlanir um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar liggja fyrir sem og áhættumat og viðbragðsáætlun. Lögð var fram handbók um skráningar og þar í eru ýmsar upplýsingar um innra eftirlit fyrirtækisins og þjálfun starfsmanna.

Lagt var til við rekstraraðila að sérstök rekstrarhandbók yrði tekin í gagnið sem skipulagði skráningar eins og grein 3.3 í starfsleyfi leggur upp. Þar væru skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvarnarbúnaði teknar saman á einn stað, því næst væru mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim skráð. Skráningar á tæmingu á olíuskilju og kvittanir frá þjónustuaðila kæmu næst svo niðurstöður á mælingum á alkóhólum í frárennsli og VOC mælingar í útblæstri og svo áfram eins og krafist er í grein 3.3.

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hefur í sumar unnið við að fóðra og undirbúa borholuna SV-1 sem er skammt utan girðingar við lóð CRI í Svartsengi. Skýrsla þar að lútandi hefur verið send stofnuninni og mun borholan taka við affalli frá verksmiðjunni. ÍSOR hefur tekið út og lagt mat á fyrirhugaða losun CRI á metanólmenguðu affalli (vatni) í borholuna. Ráðlagði ÍSOR að borholan yrði fóðruð niður fyrir 200 metra dýpi og telur að með hliðsjón af því hversu lítið magn frárennslis er um að ræða að ekki verði blöndun afrennslis við ferskvatnsstraum sem ofar er. Á um 210 metra dýpi sé bergið vel lekt og þar sé því móttækilegur staður í holunni. Jarðlög í jarðsjávarlaginu sem þarna eru geti tekið við nefndu vatnsmagni til lengri tíma án áhrifa á ferskvatn. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gerir ekki athugasemd við að CRI notist við umrædda borholu til þessara hluta enda sé farið að ráðleggingum ÍSOR. Ákveðið var á fundi okkar að rekstraraðili sækti um breytingu á grein 2.8 í starfsleyfi sínu og leggja til ofangreinda aðferð vil losun á affallsvatni.

Samkvæmt starfsleyfi skal brenna rokgjörnum lífrænum efnum í útblásturslofti. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

veitti rekstraraðila undanþágu frá brennslu efnanna gegn því skilyrði að vothreinsun á útblæstrinum færi fram og að tilgreind mörk sem kveðið er á um í starfsleyfi haldi. Sýna skal fram á þetta með mælingum í útblæstri sem og með mælingum á styrk efna í affalli sem sent er til borholu SV-01. Hafa skal samráð við Umhverfisstofnun um tíðni og umfang frekari mælinga. Undanþágan gildir til 1. febrúar 2017. Vel hefur gengið að reka vothreinsunina og var ákveðið var á fundi okkar að rekstraraðili sækti um breytingu á grein 2.3 í starfsleyfi sínu og leggja til ofangreinda aðferð við hreinsun á rokgjörnum lífrænum eignum í útblásturslofti.

Næst var farið yfir úrgangsmál verksmiðjunnar, en notaðar eru lausnir og hvatar til þess að framleiða og hreinsa hráefni verksmiðjunnar og eins til að hraða efnahvörfum. Notuðu zinkoxíði er safnað á vegum rekstraraðila og hyggst CRI senda framleiðanda efnisins það í skömmtum sem hagkvæmt er að senda á milli landa. Notuð amínlausn er send til viðurkenndrar spilliefnamóttöku, lútur sem hætt er að nota (aukaafurð) er afhentur SVN í Helgúvík sem notar hann við hreinsun á sjóðurum fiskimjólsverksmiðjunnar. Rekstraraðila var bent á að afhenda efnin einungis gegn móttöku kvittunar. Almennur úrgangur er fjarlægður af lóð rekstraraðila og sér fyrirtækið HP Gámar um þann þátt. Úrgangsolíur fara inn í kerfi Úrvinnslusjóðs sem um það gilda.

Starfsleyfi CRI í Svartsengi gildir til 1. febrúar 2018. Umsókn um nýtt starfsleyfi barst Umhverfisstofnun 25. febrúar 2016 og fylgdu henni ýmis gögn. Á fundi sem haldinn var með rekstraraðila 6. apríl sl. var ákveðið að stoppa vinnu við starfsleyfisumsóknina þar til frummatsskýrsla byggð á mati á umhverfisáhrifum kæmi fram. Í eftirliti okkar þann 21. október sl. kom fram að umsókn um mat á umhverfisáhrifum hafi verið send Skipulagsstofnun 19. október sl. Enn tefst því vinna við starfsleyfisgerð um sinn.

Engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti og engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila eða rekstraraðila frá síðasta eftirliti.

Útstreymisbókhald og Grænt bókhald fyrir 2015 hafa borist stofnuninni.

ATHUGASEMDIR


Notaður lútur (KOH)

Fram kom í eftirliti að notaður lútur er afhentur Síldarverksmiðju Neskaupstaðar (SVN) í Helgúvík til notkunar við hreinsun á sjóðurum verksmiðjunnar. Gerð er krafa um að efnin séu ekki afhent nema gegn móttöku kvittunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.11.2016



Gottskálk Friðgeirsson